

Auglýst er eftir umsóknum í **próunarsjóð leikskóla í Garðabæ**

Fræðslu- og menningarsvið auglýsir eftir umsóknum vegna úthlutunar úr Próunarsjóði leikskóla Garðabæjar. Próunarsjóðnum er ætlað að stuðla að nýbreytni og framþróun í starfi leikskóla í Garðabæ. Einstaka leikskólakennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við leikskóla í Garðabæ, einn skóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leikskóla geta sótt um styrk í próunarsjóð. Til úthlutunar fyrir árið 2026 eru 9.000.000 kr.

Áhersluþættir Próunarsjóðs leikskóla veturinn 2026–2027 eru:

- Leikskólastarf með yngstu börnunum
- Samvinna á milli skólastiga
- Lýðræði í leikskólastarfi
- Inngilding í leikskólastarfi

Við hvetjum alla áhugasama að senda inn umsókn þó verkefnið falli ekki undir áherslur próunarsjóðs þessa árs.

Umsóknir skulu hafa borist **fyrir 1. apríl** og verður þeim svarað fyrir 30. apríl.

Frekari upplýsingar veitir Hanna H Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Reglur og umsóknareyðublöð eru á vef Garðabæjar.



GARÐABÆR

**GOTT SAMFÉLAG
GARDABAER.IS**